

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins**

### **I.**

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sbr. 6. gr. laga nr. 87/2009, ákveður kjararáð laun og starfskjör framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

### **II.**

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið þessarar skoðunar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettu sama dag var fjármálaráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu og stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra aðila sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Svar barst frá framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins með bréfi dagsettu 7. september 2012. Í bréfinu kemur fram að núverandi framkvæmdastjóri hafi verið ráðinn til starfa eftir að kjararáð tók ákvörðun um launakjör framkvæmdastjóra sjóðsins þann 23. febrúar 2010. Með bréfinu er óskað eftir heildarendurskoðun á launakjörum framkvæmdastjórans. Fram kemur að heildarefnahagur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hafi numið 4,4 milljörðum króna og eigi sjóðurinn eignarhluta í 34 fyrirtækjum og þremur fjárfestingarsjóðum. Sjóðurinn sé áhættufjárfestir sem fjárfesti í íslenskum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og gegni hann sem slíkur einstöku hlutverki í íslensku atvinnulífi. Gerðar séu miklar kröfur til menntunar og reynslu við ráðningu í stöðu framkvæmdastjórans. Starfið sé þess eðlis að því fylgi umtalsverð vinna umfram hefðbundinn vinnutíma. Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins beri ásamt stjórn sjóðsins ábyrgð á ákvörðunum um fjárfestingar sem séu vegna eðlis sjóðsins mikilvægar fyrir framþróun og uppbyggingu atvinnulífs. Laun framkvæmdastjórans séu umtalsvert lægri en markaðslaun sem greidd séu stjórnendum í öðrum fjárfestingarsjóðum. Sem dæmi um sambærilega sjóði megi nefna Frumtak, Framtakssjóð Íslands, Auði I og Brú II. Þá megi benda á stjórnendur lífeyrissjóða sem samanburðarhóp. Af launamun skapist hætta á óhóflegri veltu meðal stjórnenda sjóðsins,

sem skapi sjóðnum bæði kostnað og óhagræði og geti haft áhrif á aðra starfsmannaveltu. Að endingu er þess óskað að stjórnarlausn sem Framtak greiðir verði ekki látin renna til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins enda bætist störf vegna þeirrar stjórnarsetu við vinnudag og séu ekki hluti af starfsskyldum sem framkvæmdastjóra.

Svar barst frá stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins með bréfi dagsettu 7. september 2012 og var í því vísað til sömu þátta og fram koma í áður nefndu bréfi framkvæmdastjórans. Í bréfi sínu leggur stjórnin á það mikla áherslu að fyrirhugaðar breytingar á skiptingu launa í einingaverð annars vegar og mánaðarlegar einingar hins vegar leiði til hækkunar heildarlauna framkvæmdastjórans, en auk þess að ákvörðun um laun hans verði tekin til heildarendurskoðunar. Þá óskar stjórnin eftir að stjórnarlausn sem önnur félög, svo sem Framtak, greiða framkvæmdastjóranum verði ekki látin renna til sjóðsins.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sent svar fjármálaráðuneytis og stjórnar sjóðsins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi framkvæmdastjórans dagsettu 22. október 2012 er áréttað að laun hans séu umtalsvert lægri en markaðslaun sem greidd séu stjórnendum í öðrum fjárfestingarsjóðum

### III.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 61/1997. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Þá er sjóðnum heimilt að veita lán og ábyrgðir eins og nánar greinir í lögnum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til eins árs í senn. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi hans. Hún mótar stefnu sjóðsins, ræður framkvæmdastjóra, tekur ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins, um þátttöku sjóðsins í fjárfestingum og veitingu lána og ábyrgða, auk ákvarðana um tryggingar og kjör. Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt umboði sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um fjárfestingar og veitingu lána og ábyrgða. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfrækir deild er nefnist tryggingardeild útflutnings, en hlutverk hennar er að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning á vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis og þátttöku í verklegum framkvæmdum héraðs og erlendis.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu

ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljótast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins laun sama dag. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyrir, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrdi undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hjá framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hækki og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyrir. Um leið fækkar mánaðarlegum einingum að sama skapi. Heildarlaun eru því óbreytt.

Fyrri ákvarðanir kjararáðs um aukastörf framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skulu óbreyttar standa.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001 sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú 790.521 króna. Að auki skal greiða honum 17 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun fyrir setu í stjórnnum og nefndum á vegum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skulu renna til sjóðsins.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson